

Þekkir þú einkennin?

Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum



Vissir þú....

- Að börn 4 ára og yngri eru í mesta áhættuhóp að verða fyrir ofbeldi af hálfu foreldra og/eða annarra fjölskyldumeðlima?
- Að drengir eru líklegri en stúlkur til að verða fyrir líkamlegu ofbeldi?
- Að mæður jafnt sem feður beita börn sín ofbeldi?
- Að börn sem sæta líkamlegu ofbeldi upplifa í flestum tilfellum andlegt ofbeldi líka?
- Að ofbeldi getur haft alvarlegan, varanlegan skaða á líkamlegri og/eða andlegri líðan barns og þroska þess?
- Að börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi í æsku eru í áhættuhóp síðar meir á ævinni?
- Að börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi geta náð sér að fullu ef þau fá viðeigandi hjálp?

Hvað er ofbeldi?

Ofbeldi birtist í ýmsum myndum, helstu birtingarmyndir þess eru: vanræksla, líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og öll misnotkun almennt. Ofbeldi og misnotkun á börnum getur átt sér stað í fjölskyldum af öllum þjóðfélagshópum og er ekki bundið við menntun, stöðu, fjárhag eða samsetningu fjölskyldna. Orsakir þess að barn er beitt ofbeldi er flókið samspil margra áhættuþátta í umhverfi barnsins. Ofbeldi er vel falið og alvarlegt vandamál hvort sem það er á heimilum, skólum eða annars staðar þar sem barnið dvelur.

Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar gerandi beitir líkamlegu afli gegn öðrum einstaklingi. Líkamlegt ofbeldi er notað til þess að ná valdi yfir öðrum og er markmið gerandans að meiða og brjóta einstakling niður andlega og er það alltaf viljaverk. Dæmi um líkamlegt ofbeldi er þegar einstaklingur er sleginn með flötum lófa eða krepptum. Einnig teljast allar líkamsmeiðingar sem skilja eftir sig áverka sem gróft ofbeldi. Mikilvægt er að fólk

innan starfstétta þar sem er unnið með börnum séu vel vakandi fyrir einkennum þess, að barn verði fyrir ofbeldi.

Andlegt ofbeldi eða tilfinningalegt ofbeldi fylgir í flestum tilfellum líkamlega ofbeldinu. Andlegt ofbeldi er þegar barnið er stöðugt lítillækkað og/eða það beitt harðræði eða þvingað til hlýðni án þess að líkamsmeiðingum sé beitt. Andlegt ofbeldi birtist í markvissu niðurbroti, afneitunar á barni, langvarandi þögn í refsingarskyni, niðrandi tali og sífelldri gagnrýni á fas, framkomu og/eða útlit barnsins. Andlegt/tilfinningalegt ofbeldi leiðir oftast til lítils sjálfstrausts og sjálfsmýnd þess verður röng.

Börn sem eru þolendur líkamlegs ofbeldis upplifa oft niðurlægingu, hræðslu og varnaleyssi. Þau eiga



mjög oft erfitt með félagsleg samskipti, traust, að treysta og trúá á annað fólk. Lítið sjálfsálit/sjálfsstraust, hlédrægni, svefnvandamál svo sem martraðir, kvíði og seinkaður málþroski geta einnig verið einkenni barns sem býr við ofbeldi. Börn sem verða vitni að eða upplifa ofbeldi á heimilum sínum eru líklegri að beita önnur börn ofbeldi til að fá athygli sem og til að fá sínu framgengt.

Verndandi þættir

Að virða og trúá á einstakling í frumbersku hans og kenna honum þannig að trúá á sjálfan sig getur haft afgerandi áhrif á mótun jákvæðrar og heilbrigðar sjálfsmyndar hans. Það er þess vegna mjög mikilvægt að starfsfólk skóla og leikskóla sé meðvitað um mikilvægi þess að sýna börnum sem þau hafa grun um að séu þolendur ofbeldis jákvæða athygli, virðingu og skilning.

Sýnt hefur verið fram á að góð umönnun utan heimilisins geti haft mikil áhrif í að bæta fyrir þegar börn líða skort á umhyggju innan heimilisins. Að veita börnum virðingu, kærleika og skilning í stað að dæma þau fyrir hegðun þeirra sem oftast nær er afleiðing innri vanlíðunar getur því skipt sköpun fyrir vellíðan og mótun sjálfsmyndar þessarra barna.

Það er því mjög mikilvægt að allt starfsfólk leikskóla sé meðvitað um helstu einkenni barna sem eru þolendur ofbeldis, svo að það geti með réttum viðbrögðum og uppbyggjandi framkomu lagt sitt af mörkum til að mæta þörfum barna sem koma úr erfiðum heimilisaðstæðum.

Tilkynningar

Líkamlegt ofbeldi gegn börnum flokkast undir afbrot og varðar við lög. Samkvæmt lögum ber öllum landsmönnum skylda til að tilkynna til barnaverndarnefndar, ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, eða verði fyrir ofbeldi. Almennir tilkynnendur geta óskað eftir nafnleynd. Opinberum aðilum ber skylda til að tilkynna ef grunur leikur á ofbeldi. Taka má fram að tilkynningaskyldan stendur framur þagnaskyldu í starfi. Hægt er að tilkynna í síma eða skriflega, en símanúmer og aðrar hagnýtar upplýsingar má finna á heimasíðu barnaverndarnefndar bvs.is undir almennar upplýsingar og viltu tilkynna aðstæður?

Kennarar og aðrir starfsmenn leikskóla ættu ekki að tilkynna til barnaverndarnefndar nema í samráði við annan fagaðila innan stofnunarinnar. Hafa ber í huga að vinna fljótt eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að tilkynna og að mikilvægt sé að leyfa barni að njóta vafans.



